



KOMINN TÍMI Á MALBIKSVIÐGERÐIR OG MÁLUN BÍLASTÆÐA?

WWW.VERKTAK.IS | 5514000 | 6908000



GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

30. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 12. september 2024



Laxaolía

Styður við heilbrigða
húð og feld

FASTEIGNASALAN
TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR



Darri Örn
löggitur fasteignasali
Sími 767-0000



FLATEY

PIZZA NAPOLETANA
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval
HEILSA & HÁRNINGJA

24/7
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals
Hæðasmára

Uppskeran tekin upp í fallegu veðri í skólagörðunm



Það var góð stemmning í skólagörðunum sl. laugardag þegar fjölskyldur og vinir mættu til að taka upp afrakstur sumarsins. F.v. Þuríður, Eva, Auður, Emma, Haraldur og Ingibjörg

Uppskeruhátíð skólagarðanna í Silfurtúni var haldin laugardaginn 7. september sl. í mildu og fallegu haustveðri.

Börn og eldri borgarar sem voru með garð í skólagörðunum í sumar mættu yfir daginn ásamt fjölskyldum sínum og unnu saman að því að stinga upp kartöflur og uppskera grænmeti úr görðunum.

Eins og undanfarin sumar, bauðst eldri borgurum að kaupa garð eftir að börnunum hafði verið úthlutaður garður og töluverður áhugi var á því. Í skólagörðunum í sumar voru ræktaðar kartöflur, fjölmargar káltegundir, salöt og kryddjurtir. Jafnvel þótt sumarið hafi byrjað í kaldara lagi og tíðarfarið á höfuðborgarsvæðinu í sumar hafi verið fremur þungbúið og svalt þá var uppskeran almennt góð hjá flestum. (Frh. á bls.4).

KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?



Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is



HAFID
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



YUZU HEFUR OPNAÐ Í
LITLATÚNI, GARÐABÆ
"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

LEMON
MEIRA NÆS - MEIRA GOTT

30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR

VILDARKORT
LIND
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Hjólum, göngum og rúllum í Samgönguviku

Garðabær hvetur íbúa til að nýta sér hjóla og göngustíga bæjarins í Samgönguviku, en vikan er evrópskt átak um bætta samgöngur í borgum og bæjum. Markmiðið er að hvetja fólk til umhugsunar um eigin ferðavenjur og virkja það til að nota almenningssamgöngur, hjóla eða ganga. Samgönguvika er haldin 16. – 22. september ár hvert.



Garðabæingar eru hvattir til að fara út að hjóla, ganga eða hlaupa. Í leiðsagnarappinu Wappinu má finna fjölmargar skemmtilegar göngu- og hjólaleiðir í Garðabæ. Leiðirnar eru með kortum, gps hnitum, ljósmyndum og upplýsingum á íslensku og ensku. Undanfarið hefur bærinn bætt

við skemmtilegum hjólaleiðum sem nýtast bæði til samganga og útivistar. Garðabær mun nota vikuna til að kynna þessar leiðir fyrir íbúum og gestkomandi.

Bíllausi dagurinn er síðan haldinn 22. september og eru öll, einstaklingar, fyrirtæki, félagsamtök, stofnanir og sveitarfélög hvött til að taka þátt.


Farsæld barna í Garðabæ

Meginmarkmið farsældarlaganna er að auðvelda börnum og foreldrum að sækja aðstoð við hæfi

Á Íslandi hafa ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna tekið gildi. Meginmarkmið farsældarlaganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Farsæld: Með farsæld er átt við aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, síðferðislegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar.

Öll börn eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda en það getur verið flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni. Með nýjum farsældarlögum á að tryggja að börn og foreldrar fái skipulagða og samfellda aðstoð um leið og þörf krefur.



Á vef Garðabæjar er hægt að finna nánari upplýsingar um farsældarlögin ásamt upplýsingum um tengiliði bæjarins sem aðstoða við að sækja þjónustu við hæfi.

Einnig má þar finna slóðir á gagnlegt itarefni um farsældarlögin. Meginmarkmið farsældarlaganna er að auðvelda börnum og foreldrum að sækja aðstoð við hæfi.



FRÍMANN & HÁLFDÁN

ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálfván
898 5765



Ólöf
898 3075



Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is

Sala á byggingarréttum óseldra lóða samþykkt

Bæjarstjórn hefur samþykkt að fela sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs Garðabæjar að leita til tveggja fasteignasala um söluméðferð byggingarrétta óseldra lóða.

Við ákvörðun lágmarksverðs skuli haft að leiðarljósi að söluméðferð nemi að lágmarki sömu lágmarksfjárhæð og í söluskilmálum og skulu lágmarksfjárhæðir framreiknaðar m.t.t. hækunar á vísitölu. Þá skal við það miðað að slíkar lágmarksfjárhæðir skili sér nettó til sveitarfélagsins, a.t.t. til sölubóknunar fasteignasala. Gera skal bæjarráði reglulega grein fyrir framvindu málsins.



Bæjarstjórnin samþykkti tillöguna að undanskildum þeim Þorbjörgu Þorvaldsdóttur og Ingvari Arnarsyni í Garðabæjarlistanum, sem greiddu atkvæði á móti henni.

Garðabær og Dagar hafa gert samning um ræstingar á stofnunum bæjarins

Garðabær hefur gert samning við Daga um ræstingar á stofnunum Garðabæjar, þ.e. leikskóla og skóla bæjarins til viðbótar við níu aðrar stofnanir.

Samningur var undirritaður um miðjan ágúst og tók gildi 1. september síðastliðinn en breytingarnar verða innleiddar að fullu yfir sex mánaða tímabil.

Innleiðing á samningnum hefur gengið vel og hefur umsjónarmaður verksamnings frá Dögum ásamt eftirlitsmanni fyrir hönd Garðabæjar heimsótt stóran hluta af þeim stofnunum sem um ræðir.



Samningur Garðabæjar og Daga var handsalaður á Garðatorgi! Almar Guðmundsson bæjarstjóri Garðabæjar og Pálmar Óli Magnússon forstjóri Daga

Allar persónugeranlegar myndir verða afmáðar - COWI myndar Garðabæ í háskerpu

Þessa vikuna fer fyrirtækið COWI (áður Mannvit) um allan Garðabæ og tekur háskerpumyndir af götum fyrir gagnasafn þeirra.

COWI MultiViewer er gagnasafn af háskerpu götumyndum hverja 7 metra og myndirnar uppfærast á 2ja ára fresti. Myndirnar eru sambærilegar myndum sem teknar hafa verið fyrir Google og Já.

Allar persónugeranlegar myndir verða afmáðar.

Verkefnið byrjaði í Danmörku 2016 og er nú komið til bæði Grænlands og Færeyja. Ísland er þeirra næsta verkefni og var ákveðið að byrja í Garðabæ.



FASTEIGNASALAN
FTORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR

Er með kaupendur að:

- Lóð í grennd við höfuðborgarsvæðið.
- Sumarbústað í Grímsnesinu.
- 2-3herb íbúð í Hafnarfirði.
- Hæð með bílskúr í Hafnarfirði.
- 2-4 herb íbúð í Garðabæ.
- 3-4 herb íbúð í Kópavogi.
- Einbýlishúsi á höfuðborgarsvæðinu. Þarf að vera með bílskúr. Offi off.

FRÍTT VERÐMAT.

SVAVAR FRÍÐRIKSSON
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
SVAVAR@FSTORG.IS



HRINGDU NÚNA 623-1717



Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045



GLC PLUG-IN HYBRID

KLÁR Í HVAD SEM ER.

Allt að 122 km drægni á rafmagni.
4MATIC fjórhjóladrif og allt að 2.000 kg dráttargeta.

Verð frá 11.990.000 kr.

Komdu og reynsluaktu.



GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: www.kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 19. sept.

Síðasti skiladagur föstudaginn 13. september
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár - frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: www.kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAÚST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn
Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málarameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSAÞÖGN



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins **kgp.is**

Facebook.com/Gardaposturinn.is

Instagram.com/Gardaposturinn

30 ára gömul göngubrú við Vífilsstaðavatn endurnýjuð

Framkvæmdum við endurnýjun á 30 ára gamalli göngubrú í friðlandi við Vífilsstaðavatn miðar vel, en þeim á að ljúka á morgun.

Umrædd brú var smíðuð á staðnum árið 1994 af þáverandi smíð bæjarins. Sumarið 2022 kom í ljós fúi í burðarbita og gat á brúargólfi. Ráðist var í viðgerð á þeim skemmdum til að tryggja öryggi gesta friðlandsins. Við nánari skoðun og við viðgerð kom í ljós að tímabært væri að endurnýja þessa 30 ára göngubrú.

Umhverfis Vífilsstaðavatn er útivistarstígur sem er um 2,6 km að lengd, þar af er göngubrúin vestan við vatnið. Ekki hefur verið hægt að ganga allan hringinn í kringum vatnið á framkvæmdartímanum, en sumir göngugarpar hafa farið sömu leið til baka og lengt þannig gönguna.



Framkvæmdum við endurnýjun á göngubrúnni í friðlandi við Vífilsstaðavatn miðar vel, en þeim á að ljúka á morgun

Áhersla hefur verið lögð á að lágmarka allt rask og tryggja öryggi vegfarenda um svæðið á meðan á framkvæmdum stendur.

Framkvæmdin er á vegum Garðabæjar og Umhverfisstofnunar. Sameiginleg umsókn Garðabæjar og Umhverfisstofnunar hlaut styrk úr Landsáætlun til endurnýjunar á brúnni. Áætluð verklok eru á morgun eins og áður segir.

107.931 heimsótti Vífilsstaðavatn í fyrra

Vífilsstaðavatn hefur löngum verið einn vinsælasti viðkomustaður höfuðborgarsvæðisins meðal náttúruunnenda enda um mikla útivistarparadís að ræða.

Teljari var settur upp við vatnið í febrúar 2019 og sýna tölur úr honum að heimsóknir að vatninu voru 107,931 talsins árið 2023.

Heimsóknir eru orðnar tæplega 70 þúsund það sem af er ári 2024.



Framhald af forsiðu

Uppskeran almennt góð í skólagörðunum

Boðið upp á pylsur og kanilsnúða

Boðið var upp á grillaðar pylsur og kanilsnúða til að fagna góðri uppskeru og sumarstarfi. Skólagarðarnir í Silfurtúni eru eingöngu ætlaðir börnum á aldrinum 6-13 ára og eldri borgurum. Þetta eru einu skólagarðarnir í bænum, en íbúar bæjarins geta leigt sér matjurtarkassa yfir sumarið og eru þeir staðsettir í Hæðarhverfi, Urriðaholti og á Álfanesi.



Mæðgurnar Auður og Sunna



Emma, Harpa og Vífill með fina uppskeru



Heiðar, Sunna Rós og Berglind í skólagörðunum



Vinkonurnar Gunnhildur og Elisabet





ESKIÁS
Velkomin heim.

Sala á íbúðum í Eskiási 6 hafin

Sjá nánar á www.eskias.is

Opið hús laugardag 14 sept
og sunnudag 15 sept kl.13:00 - 14:00.



FASTEIGNASALAN
FTORG

520 9595 · www.fstorg.is · Garðatorgi 5 · 210 Garðabæ

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957
EIGNAMIDLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

Ekki hætta í íþróttum, prófaðu bara aðrar!

Silja Úlfars heiti ég og er þjálfari 8-10 bekkis í frjálsum hjá FH. Ég veit að brottfall verður oft á unglingsárunum úr íþróttum en ég held að það megi oft koma í veg fyrir það með smá fjölbreytni. Mig langar þess vegna að hvetja þau sem eru íhuga að hætta í sínum íþróttum að koma og prófa frjálssar, kannski ert þú næsta framtíðar-fni í kastgreinum, stökkgreinum eða hlaupum?



Sjálf æfði ég handbolta og fótbolta á mínum yngri árum en ég fann að minn styrkleiki var hvað ég var fljót að hlaupa. Ég vann óvænt keppni í skólanum í unglingsadeild og byrjaði þá að æfa og keppa í frjálsum, ég var spretthlaupari á sumrin og í handbolta á veturna. Fljótlega var ég komin í unglingsalandsliðið. 16 ára þegar ég byrjaði í Verzló ákvað ég að einbeita mér að frjálsum, ég fór í kjölfarið í háskóla í Bandaríkjunum og í kaupbæti fékk ég að ferðast út um allan heim.

Það er nefnilega snilldin við frjálssar íþróttir: að þú getur komið inn seinna og oft er það eiginlega bara betra, hér eru fleiri dæmi:

- Þórey Edda Elísdóttir stangastökkvari og ein besta íþróttakonan okkar fór á þrisvar á Ólympíuleika hún byrjaði í frjálsum íþróttum 19 ára.
- Daniel Ingi Egilsson á Íslandsmetið í langstökki og þristökki, hann æfði frjálssar þegar hann var yngri en byrjaði svo aftur 21 árs.
- Hilmar Örn Jónsson sleggjukastari byrjaði að einbeita sér að köstum 15 ára og sleggjukasti 17 ára. Hann hefur keppt á Heimsmeistaramótinu og Evrópumeistaramótinu margsinns síðustu ár.

Ég vil því hvetja ykkur kærunglingar að ekki hverfa úr íþróttastarfi þótt þið séuð að hætta í boltaíþróttunum sem þið hafið

“alltaf” verið í. Hvað ef þú átt helling inni? Kannski var það bara upphitun fyrir þinn íþróttuferil, það eru svo margar og fjölbreyttar íþróttgreinar í boði.

Í unglingsflokki í frjálsum þá erum við byrjuð að einbeita okkur að áhugasviðinu okkar, hvað viltu prófa, hlaup, köst, stökk? Einnig er svo margt annað í boði og aldrei of seint að prófa og kynna einhverju nýju.



Æfingátímar hjá 8-10 bekk í frjálsum mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 16:30 - 18:00 í frjálssíþróttahúsinu í Kaplakrika.

Hvet ykkur til að koma og prufa ég tek vel á móti ykkur og hjálpa ykkur að finna ykkar næsta skref í þínum íþróttuferil.

Silja Úlfarsdóttir

siljaulfarsdottir@gmail.com



Verið velkomin
Tímamantanir í síma 565 6620

Madonna

HÁRGREIÐSLUSTOFAN
GARÐAFLÖT 16-18 S: 565 6620

Opið alla virka daga frá 9-18

Garðabær eflir ungmennastarf í golfi með samstarfi við golfklúbbana

Garðabær hefur undirritað samstarfs-samninga við Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar, Golfklúbbinn Odd og Golfklúbb Álftaness. Meginmarkmið samstarfsins við golfklúbbana þrjá er að efla áfram barna- og unglingsstarf í golfi í Garðabæ.

Með samningum Garðabæjar við golfklúbbana er lögd sérstök áhersla á að mæta þörfum fatlaðra barna og ungmenna í samræmi við stefnu bæjarins í málefnum fatlaðs fólks. Einnig að vinna áætlun varðandi eineltismál byggða á forvarnarstefnu og samskiptasáttmála Garðabæjar.

„Það hefur verið afar ánægjulegt að sjá hversu mikil ásókn hefur verið í öflugum ungmennastarfi sem golfklúbbarnir bjóða



Kári H. Sölmundarson formaður GO, Almar Guðmundsson bæjarstjóri og Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður íþrótt- og tólmundaráðs Garðabæjar

upp á og geta stutt við það,” segir Almar Guðmundsson um samstarfssamningana við golfklúbbana þrjá. Nýir samningar gilda til ársloka 2025.



Einar Georgsson formaður GÁ, Almar og Hrannar Bragi



Jón Júlíusson formaður GKG og Almar

Uppskeruhátíð Sumarlesturs

Mikið fjör var á uppskeruhátíð Sumarlesturs sem haldin var í Bókasafni Garðabæjar laugardaginn 24. ágúst til að fagna lestrarárangri barnanna í sumar. Margar ofurduglegar lestrarhetjur mættu og fengu viðurkenningu fyrir þátttöku sína í lestrarátakinu.

Gunnar Helgason rithöfundur fór á kostum við lestur á væntanlegri bók sinni um Stellu og afhenti verðlaun og glaðninga á sinn skemmtilega hátt. Þrjár lestrarhetjar voru dregin út, en það voru Snæbjört 7 ára, Salný Emma 6 ára og Heiðrún 10 ára. Þær höfðu allar lesið mjög mikið í sumar og fengu bókina Amma slær í gegn eftir Gunnar í verðlaun.



Ágúst Örn 6 ára



Heiðrún 10 ára



Snæbjört 7 ára



Ylfa Guðrún 8 ára



Salný Emma 6 ára

Þau Ylfa Guðrún 8 ára og Ágúst Örn 6 ára fengu Sumarlestur medalíu fyrir að skila langflestum umsagnarmiðum í lukkukassann í sumar, samtals 74! Tólf önnur börn

náðu að fylla út milli 10 og 20 miða yfir lesnar bækur sem er mjög vel gert og höfðu mörg þeirra verið dregin út sem lestrarhetjar í sumar.


Allir þátttakendur fengu síðan glaðning fyrir lestrardugnaðinn og boðið var uppá gómsæta köku.

Góð þátttaka var í Sumarlesturinum en um 180 börn skráðu sig til leiks og skiluðu þau inn um 450 umsagnarmiðum jafnt og þétt í sumar. Sýnir það að þau voru svo sannarlega að sinna lestrinum sem er virkilega gleðilegt. Til hamingju krakkar! Lestur er minn ofurkraftur!

Leikskólinn Urriðaból tilnefndur til Grænu skóflunnar

Græn byggð hefur tilnefnt leikskólann Urriðaból við Holtsgötu 20 til Grænu skóflunnar, sem er viðurkenning fyrir mannvirki sem byggð hafa verið með framúrskarandi vistvænum og sjálfbærum áherslum.





FASTEIGNAKYNNING UM HELGINA

DREYMIÐ ÞIG UM FASTEIGN Á SPÁNI EÐA TENERIFE?

NOVUS HABITAT mun kynna allt það nýjasta sem í boði er í fasteignakaupum á Costa Blanca, Costa Cálida og Costa Del Sol svæðunum á Spáni og Tenerife. Ómissandi viðburður fyrir alla sem dreymir um fasteign á Spáni eða Tenerife.



GRAND HÓTEL LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ KL. 12 TIL 16

NOVUS HABITAT býður heildarlausnir fyrir kaupendur fasteigna á Spáni með sérhæfingu í sölu nýbygginga á Costa Blanca og Costa Cálida svæðunum á Spáni og Tenerife. Við höfum um áranlangt skeið séð um fasteignakaup Íslendinga á Spáni. Við finnum réttu eignina, sjáum um allt sem viðkemur kaupferlinu, aðstoðum við innbú eigna og hjálpum kaupendur við að koma eign sinni í leigu hluta af ári, óski þeir þess. Auk þess aðstoðum við kaupendur við stofnun og uppbyggingu viðskiptatækifæra á Spáni.

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM FASTEIGNAKAUP Á SPÁNI Á EINUM STAÐ

Steina Jónsdóttir, sölustjóri Novus Habitat verður með fyrirlestra um kaupferlið á heila tímanum. Allt sem viðkemur fasteignakaupum á Spáni útskýrt og spurningum svarað.



NOVUS HABITAT

FASTEIGNIR

novushabitat.is

29 íbúðir í Eskiási 6 komnar í sölu

Eskiás er fallett íbúðahverfi miðsvæðis í Garðabæ

Nýtt og fallett fjölbýlishús við Eskiás 6 í Garðabæ var að koma í almenna sölu, en sala á íbúðum í Eskiási hefur gengið vonum framur á þeim þremur árum sem liðin eru frá því að fyrsta skóflustungan var tekin að þessu nýja og spennandi byggingarverkefni í Eskiási í Garðabæ, þar sem alls verða byggð níu hús með samtals 276 sérbýlisíbúðum.

Allar íbúðirnar við Eskiás 1 til 5 seldust hratt er þær fóru á sölu og því hafa sjálf-sagt margir bedið eftir að íbúðir við Eskiás 6 fari í almenna sölu, en íbúðirnar eru einstaklega vel hannaðar, auk þess sem stutt er í alla þjónustu, skóla, leikskóla, íþróttasvæði Stjómunnar í Ásgarði og í miðbæ Garðabæjar svo fátt eitt sé nefnt.

Séreinkenni íbúðanna í Eskiási eru m.a. að allar íbúðir eru og verða með sérinn-gangi og íbúðastærðir eru fjölbreyttar eða frá 70 fm til 135 fm íbúðir sem eru 2 til 5 herbergja. Húsin eru og verða öll klædd með viðhaldslitlum klæðningum sem gefa munu húsunum einstakan stíl.

Góða sala ekki komið á óvart

Garðapósturinn tók Örn V. Kjartansson, framkvæmdastjóra Eskiás tali og spurði hann m.a. um verkefnið og hvort það hafi komið honum á óvart hversu hratt og vel íbúðirnar við Eskiás 1 til 5 hafa selst? „Í sjálfu sér ekki, það vantaði íbúðir í þessum stærðum inn á markaðinn í Garðabæ og mögulega höfuðborgarsvæðið. Sérstaklega þessar fjölbreyttu



stærðir með sér inngöngum. Einnig er sárá-lítil sameign í húsunum þar sem geymslur eru innan íbúða og nýtast þannig betur sem hluti af íbúðinni heldur ef geymslan væri í kjallara. Mjög stórt hlutfall fyrstu kaupanda hafa verið í kaupandahópnum sem er gott,” segir Örn.

Og upplifun íbúa sem keypta hafa í Eskiásnum hlýtur að vera góð miðað hvað

salan hefur gengið vel? „Já, við finnum fyrir því frá þeim sem eru þegar fluttir inn í Eskiásinn, það er almenn mikil ánægja meðal íbúa.”

Íbúðir frá 70 fm upp í 114 fm.

Og Eskiás 6 var að fara á sölu, er þetta samskonar íbúðir og þið hafið verið að selja í Eskiásnum og hvað eru þetta



margar íbúðir? „Já, heilt yfir eru þetta svipaðar íbúðargerðir og í hinum húsunum. Í Eskiási 6 eru 29 íbúðir og meðalstærð er um 90 fm með fjölbreyttum stærðum frá 70- 114 fm.”

Og þið hafið lagt mikinn metnað í alla hönnun og gott skipulag íbúðanna? „Já, það er mikil áhersla lögð á gott skipulag og allan frágang.”

Búið að selja níu íbúðir í forsölu

Svona miðað við efnahagshverfið í dag, háa verðbólgu og stýrivexti, áttu þá von á að þessar íbúðir seljist jafn hratt og íbúðirnar við Eskiás 1 til 5? „Já, ég er bjartsýnn á það. Við höfum verið með forsölu á íbúðunum þar sem fólk skráði sig á forsölulista og höfum þegar selt 9 íbúðir eða um 1/3 í húsinu. Það gefur

okkur væntingar um að þetta muni áfram ganga vel.”

En þetta er sjötta fjölbýlishúsið í hverfinu af níu. Erðu framkvæmdir hafnar við næsta fjölbýlishús og hvenær reiknið þið með að það fari á sölu? „Við erum þegar byrjaðir uppbyggingu á Eskiás 8 sem mun verða tilbúið haust 2025. Einnig erum við farnir að huga að hönnun síðustu húsa þ.e Eskiás 7 og 10.”

Íbúðir við Eskiás 6

afhentar í byrjun næsta árs

Og hvar geta áhugasamir nálgast frekari upplýsingar um Eskiás 6? „Allar upplýsingar eru aðgengilegar á vefsíðu verkefnisins www.eskias.is. Við erum að áætla að hefja afhendingu íbúða í Eskiás 6 í jan/feb 2025 ef vel gengur með lóðafrágang við húsið yfir veturinn,” segir Örn að lokum.

Vefmiðill Garðapóstsins kpp.is

Facebook.com/Gardaposturinn.is

Twitter.com/Gardapostur

Instagram.com/Gardaposturinn

Hefjum veturinn!

Sjálfstæðisfélag Garðabæjar stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum í vetur þar sem bæjarmálin sem og landsmálin verða rædd.

Samgöngusáttmálinn
17. september kl. 18:00



Almar Guðmundsson, bæjarstjóri og Davíð Þorláksson, framkvæmdastjóri Betri Samgangna fara yfir uppfærðan samgöngusáttmála fyrir höfuðborgarsvæðið.

Bæjarmálafundur
28. september kl. 11:00



Bæjarstjóri og bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ fara yfir stöðu málefna starfsins og svara spurningum fundargesta varðandi bæjarmálin.

Fundirnir fara fram í Sjálfstæðisheimilinu, Garðatorgi 7 og eru öllum opnir. Verið velkomin!



Sjálfstæðisfélag Garðabæjar

YFIR
1.000
HOLLUSTUVÖRUR
Á TILBOÐI Á HEILSUDÖGUM
FJARÐARKAUPA

HEILSU DAGAR FJARÐARKAUPA

26. ÁGÚST - 14. SEPTEMBER

FK
FJARÐARKAUP

*einstök
verslun*

Einstök veðurlíða allan ársins hring

Allt það nýjasta sem í boði er í fasteignakaupum á Spáni og Tenerife

Um helgina, 14. og 15. september, mun Novus Habitat halda fasteignakynningu á Grand Hótel, laugardag og sunnudag frá klukkan 11 til 16.

Þeir sem eru áhugasamir um fasteignakaup á Spáni eða Tenerife geta kynnt sér allt það nýjasta sem í boði er í fasteignakaupum á Costa Blanca, Costa Cálida og Costa Del Sol svæðunum á Spáni og Tenerife. Þar með talið allt sem viðkemur kaupferlinu sjálfu, fjármögnunarmöguleikum og lögræðiaðstoð fyrir nauðsynlegar skráningar og umsýslu. Einnig verður farið yfir ýmislegt sem viðkemur ákvörðuninni að kaupa fasteign á Spáni, val á svæðum og eignum.



Novus Habitat er spænsk-íslensk fasteignasala með starfsstöðvar á Costa Blanca svæðinu á Spáni og Tenerife og er stjórnad af íslenskum eigendum sölunnar. Starfsmenn hafa áralanga reyslu af umsjón fasteignakaupa fyrir Íslendinga á Spáni og sjá um allt sem viðkemur kaupferlinu, allt frá því að hugmynd kviknar þangað til að kaupendur eru búnir að koma sér fyrir í nýju eign sinni.

Um langt skeið hafa Íslendingar haft augastað á eignum á Torre Vieja svæðinu á Costa Blanca ströndinni

enda einstök veðurlíða allan ársins hring. Síðustu ár hefur orðið vart við vaxandi áhuga á svæðum sunnar á ströndinni á Málaga og Marbella sem liggja við Costa Del Sol ströndina.

Einnig á sér stað talsverð uppbygging á Tenerife um þessar mundir og fólk sem fer þangað jafnvel oftar en einu sinni á ári í frí hefur verið að skoða fasteignakaup á eyjunni í auknu mæli.

Fasteignakynningin um helgina er öllum opin og boðið verður upp á spænska stemningu og veitingar fyrir gesti.

Það er alltaf eitthvað spennandi að gerast hjá okkur í Klifinu


- segir Kristjana Mist Logadóttir forstöðumaður Klifsins

Nú þegar haustið er komið á fullt skrið hefur Klifið, skapandi setur, kynnt spennandi dagskrá fyrir komandi mánuði. Klifið, sem er staðsett á Garðatorgi 7, býður upp á fjölbreytt úrval námskeiða sem henta fólki á öllum aldri. Við fengum að spjalla við Kristjönu Mist Logadóttur, forstöðumann Klifsins, sem deildi með okkur hvað verður á boðstólum í haust.

„Það er alltaf nóg um að vera þegar haustið gengur í garð að skipuleggja og setja námskeiðin í loftið,“ segir Kristjana og brosir. „Við höfum lagt mikla áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt og skapandi námskeið, bæði fyrir börn, unglinga og fullorðna. Það eru allir velkomnir, hvort sem þeir eru að prófa eitthvað nýtt eða ef þeir vilja þróa hæfileika sína enn frekar.“

Klifið leggur mikið upp úr skapandi greinum, eins og myndlist, en býður einnig uppá badminton fyrir vinahópa og Aqua Zumba sem hefur selst upp frá upphafi en Kristjana nefnir að myndlistarnámskeið fyrir fullorðna hafi einnig verið mjög vinsæl. „Við erum með námskeið í Módelteikningu, Teikningu, Akrylmálun og Vatnslitun. Eitt vinsælasta námskeiðið okkar núna er í Akrylmálun, það er dæmi um að fólk, komi aftur og aftur á námskeið því við bjóðum einnig uppá framhaldsnámskeið,“ segir hún, en tónlist er einnig stór hluti af dagskránni, þar sem boðið er upp á söngnámskeið, gítarnámskeið, trommunám og píanónám fyrir alla aldurshópa.

Nýtt á haustönn er Procreate teiknina námskeið, þar sem þátttakendur læra að teikna á spjaldtölvur. „Við buðum uppá Procreate námskeið í sumar og var uppseld á þau öll. Námskeiðið hentar ungu fólki sem vill þróa hæfileika sína í stafrænum teikningum. Fyrir yngri hópa bjóðum við upp á myndlist og



málun fyrir 6-9 ára, og fyrir 9-12 ára er boðið upp á námskeið í myndasögum og persónusköpun.“

Aðspurð hvað gerir Klifið sérstakt, svarar hún: „Við viljum skapa umhverfi þar sem allir finna eitthvað sem vekur áhuga þeirra. Við erum með frábæra leiðbeinendur sem hafa ástríðu fyrir því sem þeir gera, og það skilar sér í ánægju þátttakenda.“

Þeir sem hafa áhuga geta skráð sig beint á vefsíðu Klifsins, www.klifid.is, og Kristjana hvetur alla til að skoða úrvalið. „Það er alltaf eitthvað spennandi að gerast hjá okkur í Klifinu!“



Hlaupapartýið Garmin Eldslóðin á laugardaginn - hlaupið frá Vífilsstöðum

Hlaupapartýið Garmin Eldslóðin er núna á laugardaginn. Hlaupið er frá Vífilsstöðum í Garðabæ fram hjá Vífilsstaðavatni upp í Heiðmörkina og til baka fyrir þau sem hlaupa 10 km hlaupið. Þau sem hlaupa 29 km fara áfram inn að Búrfellsgjá og að Helgafelli og koma sömu leið til baka. Afrekskonan Andrea Kolbeins féll alveg fyrir brautinni kallar Eldslóðina „Litla Laugavegshlaupið“ en hún sigraði kvennaflokkinn í fyrra með glæsibrag.

Sannkallað brautarpartý

En þetta er ekki bara hlaup heldur hlaupapartý og það eru partý stöðvar í brautinni í boði Garmin. Doctor Victor skemmtir við endamarkið og þar verða líka matarvagnar. Allir þátttakendur fá þátttöku medalíu og ávísun á máltíð í matarvagni að eigin vali við endamarkið. Í brautarbingóinu verða verðlaun frá 66 Norður, Útilíf, Buff, Elko og fleiru frábærum aðilum.

Matarvagnar fyrir alla

Matarvagnarnir eru að sjálfsögðu opnir fyrir alla og við hvetjum áhugasama að koma og taka á móti



hlaupurunum í hádeginu á laugardag, taka þannig þátt í partýinu og smakka á því við besta sem Matarvagnarnir hafa upp á bjóða. Spán er góð aldrei þessu vant og það verður bara gaman.

Þú gætir unnið Garmin Fenix 8

Skráðu þig fyrir miðnætti á fimmtudag því á föstudagsmorgun dregur Ívar Guðmundsson út einn heppinn hlaupara, á Bylgjunni, sem vinnur glænýtt Garmin Fenix 8 úr - rétt í tæka tíð til að hlaupa með það í Eldslóðinni. Þá dregur hann líka út 3 aðra heppna hlaupara sem vinna glænýtt par af hlaupaskóm frá ÚTILÍF.

Nánari upplýsingar www.vikingamot.is



eignaumsjon.is

VR

FYRIRMYNDAR
FYRIRTÆKI 2023
Eignaumsjón

2023 Fyrirmyndarfyrirtæki
í rekstri

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800



LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Hröð og vönduð þjónusta.
Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR
MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



**EFNALAUG
GARÐABÆJAR**

EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | SÍMI 565 6680

Kirkjan sem hvarf og birtist aftur

Í tengslum við Sumarmessur í Garðakirkju fyrr í sumar var meðal annars boðið upp á sögulegan fróðleik tvívegis í sumar og flutti Jónatan Garðarsson áhugavert erindi sem hann nefndi „Kirkjan sem hvarf og birtist aftur“. Garðapósturinn fékk leyfi hjá Jónatani til að birta erindið í blaðinu.

Kirkjan sem hvarf og birtist aftur

Garðakirkja stóð í miðjum gamla Garða-kirkjugarði en þar sem kirkjan stóð er núna auð flöt í kirkjugarðinum.

Kirkjan var úr timbri og hún var mjög illa farin þegar Dr. Pétur Pétursson, biskup, vísitaraði Garðastað árið 1875. Niðurstaða hans var sú að kirkjan væri ekki lengur nothæf og reisa þyrfti nýtt kirkjuhús á staðnum.

Séra Þórarinn Böðvarsson, sem varð sóknarprestur 1868, vildi reisa nýja kirkju í Hafnarfirði og kom fram með þá hugmynd söfnuðurinn tæki við rekstri kirkjunnar. Honum þótti eðlilegt að reisa kirkjuna á þeim stað þar sem þéttbýlið var að myndast og flest sóknarbörnin bjuggu. Hafnirfiringar sættust ekki á þessa tillögu því þeir sáu ekki fram á að hægt væri að byggja kirkju í bænum með nothæfum kirkjugarði og því síður að grundvöllur væri fyrir því að söfnuðurinn gæti fjármagnað rekstur kirkjunnar.

Kirkjubygging úr holtagrjóti

Þórarinn lét ekki deigan síga heldur réðst í að láta byggja nýja kirkju 1879. Þetta var vandað hús, byggt úr grjóti úr Garðaholtlandi. Hann kostaði verkið sjálfur enda var venjan sú að prestar kostuðu kirkjubyg-

ggingu í Danmörku. Hann keypti einnig altaristöflu árið 1879 sem danski málari C.J. Carlsen málaði og flutti hana til landsins. Páll Halldórsson snikkari smíðaði predikunarstóllinn og skírnarfontinn. Kirkjan var vígð á Hvítasunnu 1880 og lét séra Þórarinn þess getið við það tækifæri að um leið og ný kirkja væri risin í Hafnarfirði ættu allir kirkjumunirnir að fara í þá kirkju. Hann gaf söfnuðinum alla kirkjugrípi og hvatti um leið safnaðarfólk til að huga að kirkjubyggingu í þéttbýlinu.

Þegar séra Þórarinn féll frá árið 1895 tók séra Jens Pálsson við embættinu og þjónaði Görðum til dauðadags árið 1912. Það ár fór fram prestskosning og hlaut séra Þorsteinn Briem nauman meirihluta. Mikillar óánægju gætti meðal stórs hluta safnaðarfólks, sem tók sig til og stofnaði Frikirkjusöfnuð í Hafnarfirði og reisti kirkju í Hafnarfirði á hálfu ári. Frikirkjan var vígð 14. desember 1913. Um það bil helmingur bæjarbúa gekk úr Þjóðkirkjunni og færði sig í Frikirkjuna. Þetta varð til þess að ráðist var í að reisa Þjóðkirkju á Sýslumannstúninu í Hafnarfirði og tók bygging hennar um það bil eitt ár.

Hafnarfjarðarkirkja

Hafnarfjarðarkirkja var vígð 20. desember 1914 og Garðakirkja lögð af sem sóknarkirkja. Eins og séra Þórarinn Böðvarsson hafði mælst til voru helstu kirkjugripir eins og ljósa hjálmar, altari, altaristafla, skírnarfontur, predikunarstóll fluttur úr Garðakirkju og komið fyrir í hinni nýju Hafnarfjarðarkirkju. Einnig kaleikur, patína, brauðaskja og silfurkertastjakar. Garðakirkja var þar með rúin öllum kirkjumunum en þjónaði áfram í nokkur ár sem grafarkirkja.

Kirkjan var auglýst til sölu og vorið eftir bárust 3 tilboð. Hæsta tilboðið var upp á 1.700 krónur.

Biskupinn, Þórhallur Bjarnason, gat ekki hugsað sér að selja Garðakirkju og veitti söfnuðinum 2.000 króna lán úr almennum kirkjusjóði, með veði í kirkjuhúsinu.

Árið eftir reyndi Þórhallur biskup að fá leyfi til að láta Thorchilli sjóðinn kaupa kirkjuna með það í huga að gera hana að barnauppeldisstofnun. Hann sendi erindið til stjórnarráðsins, en áður en svar barst lét Þórhallur af störfum og lést 15. desember 1916. Jón Helgason, eftirmaður Þórhalls, sýndi málinu engan áhuga þegar sóknarnefnd leitaði til hans. Garðakirkja var því auglýst til sölu á nýjan leik haustið 1917. Tvö tilboð bárust og var þeim báðum hafnað.

Ekkert viðhald

Þá gerðist það að August Flygenring og Einar Þorgilsson buðust til að kaupa kirkjuna í félagi við 8 aðra menn, þá Carl Proppé, Christian Zimsen, Gunnar Egilsson, Jes Zimsen, Jón Einarsson, dr. Jón Þorkelsson, Sigurgeir Gíslason og Þórarinn Egilsson. Söfnuðurinn tók þessu tilboði og átti þessi hópur Garðakirkju en sinni ekki neinu viðhaldi á henni.

Þetta varð til þess að árið 1938 var kirkjurninn það lélegur að hann var að hrúni kominn. Afkomendur þeirra sem höfðu keypt kirkjuna treystu sér ekki til að kosta viðhald turmsins eða kirkjunnar sjálfrar. Það var því gripið til þess ráðs að selja það sem nothæft var í áföngum næstu árin og smám saman var ekkert eftir annað en steinhliðnu veggirnir.

Þannig stóð kirkjutóftin í mörg ár og hinir rammgerðu steinhliðnu veggir höggudust ekki allan þann tíma. Þarna blasti við augum þaklaus og gluggalaus kirkjutóft og hraus mörgum hugur við því hvernig komið var fyrir hinni fyrrum glæstu kirkju. Rætt var um það hvað ætti að gera og vildu sumir jafna veggina við jörðu. Þá kom fram sú hugmynd að brjóta veggina niður og nota grjótið í fyllingu í Hafnarfjarðarhöfn, en af því varð ekki, sem betur fer.

Kvenfélag Garðabæjar

Kvenfélag Garðahrepps var stofnað 1953 og eitt það fyrsta sem konurnar töldu nauðsynlegt að gera var að endurreisa kirkjuna á Garðaholti. Samþykkt var á fundi kvenfélagsins 6. október 1953 að kjósa þriggja kvenna nefnd til að koma þessu verkefni í framkvæmd.



Garðakirkja í dag



Jónatan Garðarsson

Úlfhildur Kristjánsdóttir á Dysjum, Ásta G. Björnsson í Reynihlíð og Ólafía Eyjólfsdóttir á Hausastöðum voru kosnar í nefndina. Tveimur árum seinna bættust Sigurlaug Jakobsdóttir í Hraunsholti og Helga Sveinsdóttir í Görðum í hópinu.

Sóknarnefnd Hafnarfjarðarkirkju afsalaði sér Garðakirkju í ársbyrjun 1954 og ánaftaði Kvenfélagi Garðahrepps kirkjuna til eignar og umráða.



Garðakirkja árið 1956. Í sumarbyrjun 1956 var samþykkt á sóknarnefndarfundum Hafnarfjarðarsóknar heimild til handa Kvenfélaginu að standa fyrir endurreisn Garðakirkju

aldrei bugast þó svo að oft liti verkefnið ekkert allt og vel út.

Garðasókn endurstofnuð

Árið 1960 var Garðasókn endurstofnuð og var Óttarr Proppé kjörinn formaður. Ragnar Emilsson teiknaði skírnarfont og predikunarstól, sem var helgaður Jóni Vídalín Skálholti biskupi sem fæddist að Görðum. Friðgeir Kristjánsson á Selfossi smíðaði þessa gripi og Ríkarður Jónsson myndhöggvar sá um útskurðinn á þeim. Halldór Pétursson málaði altarismyndina, sem sýnir játningu Péturs, en upphaflega var Garðakirkja helguð Pétri postula.

Þegar Garðakirkja var endurvígð 20. mars 1966, tíu árum eftir að sóknarnefnd Hafnarfjarðarkirkju samþykkti að veita leyfi til þess að fara í þessa merku framkvæmd, var hátíðleg stund og mikið um dýrðir.

Ellefu prestar Kjalarnessprófastsdæmis, auk fyrrverandi biskups, Ásmundar Guðmundssonar, voru viðstaddir endurvígsluna ásamt fjölmörgum öðrum gestum.

Sigurbjörn Einarsson, biskup Íslands, endurvígði Garðakirkju. Vígsluvottar voru séra Garðar Þorsteinsson sóknarprestur og prófastur, Séra Björn Jónsson sóknarprestur í Keflavík, Séra Kristinn Stefánsson prestur Frikirkjunnar í Hafnarfirði og Séra Bjarni Sigurðsson á Mosfelli, sem ólst upp í Straumi.

Séra Bragi Friðriksson, sem hafði unnið talsvert að endurbyggingu kirkjunnar, var ráðinn prestur Garðasóknar og tók við prófastsembættinu af séra Garðari Þorsteinssyni, stuttu seinna.

Jónatan Garðarsson skráði



Garðar II

ingar og reksturinn. Þeir nutu þeir ýmis konar hlunninda sem fylgdu kirkjüörðunum til að standa undir slíkum kostnaði. Steinarnir sem kirkjan var byggð úr voru hoggirnir til og límdir saman með kalki úr Esjunni. Veggir kirkjunnar voru sléttaðir að utan með sama kalki en þeir voru ekki sléttaðir að innan þar sem þeir voru þiljaðir með viðarpanel. Timburgólf var í kirkjunni og allar innréttingar unnar af heimamönnum. Þórarinn lét byggja kirkjuna utan kirkjugarðsins, vestan við prestsbústaðinn. Hann lagði metnað sinn í að gera kirkjuna eins veglega og kostur var og hvergi var til sparað. Þegar kirkjan var rifin 60 árum seinna var ekki einn ryðblettur í þakjámínu, þó svo að þakið hefði aldrei verið málað.

Veggir kirkjunnar voru mjög rammgerðir, um 1 m á þykkt og inni í kirkjunni var hvolfþak sem var blámálað. Ferhyrmdir reitir með gylltri stjörnu í hverjum reit voru í loftinu eins og í kirkjunni á Þingeyri í Húnaþingi. Þetta var eitt glæsilegasta kirkjuhús landsins og mikill staðarþrói.

Flestir kirkjugripir frá Danmörku

Jón, sonur séra Þórarins og Þórunnar Jónsdóttur, fékk það hlutverk að kaupa forláta ljósa hjálma og skreytingar á pred-

Þorsteinn Briem kaus að hverfa frá Görðum þegar hann fann mótbýrinn og var séra Árni Björnsson valinn sóknarprestur í hans stað árið 1913. Árni bjó fyrstu árin á Görðum þó svo að kirkjan þar hefði verið lögð niðu. Hann flutti síðan árið 1928 í nýtt hús sem var reist fyrir hann að Suðurgötu 23 í Hafnarfirði. Nokkru seinna var prestsetrið að Görðum selt til niðurrifs og viðirnir fluttir og nýtt hús reist á Suðurlandi.

Garðakirkjugarður var áfram helsti grafreitir Garðahreppinga og Hafnirfiringa og kirkjuhúsið á Görðum nýttist næstu árin sem einskonar útfararkirkja. Þegar nýr kirkjugarður var tekinn í notkun á Öldum í Hafnarfirði árið 1921 fækkaði athöfnunum í Garðakirkjugarði, sem lögðust þó aldrei alveg af.

Garðakirkja auglýst til sölu

Söfnuðurinn, sem átti bæði Hafnarfjarðarkirkju og Garðakirkju, var í mikilli fjárþröng vegna þess hversu mikill kostnaður hafði fallið á hann við byggingu nýju kirkjunnar í Hafnarfirði. Samþykkt var á aðalsafnaðarfundi í lok október 1915 að selja Garðakirkju til að létta á skuldunum.



AUKIN & ORKA MÝKRI LIÐIR



Hvert Beetroot hylki jafngildir 4.620 mg af RAUÐRÓFU

Beetroot frá Natures Aid er lífræn þurrkuð rauðrófa í hylkjum. Rauðrófan telst til ofurfæðis en hún er einstaklega rík af andoxunarefnum sem styðja við heilsuna og talin 100% náttúrulegt bætiefni. Hún er talin auka blóðflæðið og getur þannig stuðlað að betri líðan og betri heilsu.



Glucosamine & Chondroitin í þínu liði fyrir þína liðheilsu

Styrktu liðina með Glucosamine & Chondroitin. Þessi öflugra blanda inniheldur glúkósamín og kondrótín súlfat sem er byggingarefni brjósks. Þar að auki inniheldur blandan rósaber, engifer og túrmerik og er einnig rík af C- vítamín sem styður við eðlilega myndun kollagens fyrir heilbriggt brjós.

Aldrei haft jafn þykkt hár

Edda Dungal hefur tekið inn Hair Volume í nokkur ár en hún missti allt hár eftir lyfjameðferð

Hár þynnast með aldrinum, hjá báðum kynjum og þó svo að skallamyndun sé algengari hjá körlum, getur hún einnig gerst hjá konum og það er fjöldi fólks sem þjáist af hárlösi og þunnu og liflausu hári.

Þættir sem geta valdið hárlösi eru meðal annars:

- Erfðir og aldur
- Hormónabreytingar
- Alvarlegir sjúkdómar
- Tilfinningaleg og líkamleg streita
- Slæmir ávanar eins og hártog
- Bruni
- Geislameðferð (krabbamein)
- Lyfjameðferð
- Tinea capitis (sveppasýking)
- Slæm dagleg meðferð á hárinu við litun, þurrkun, umhirðu og fleira

Aldrei haft jafn þykkt hár

Edda Dungal missti allt hár eftir lyfjameðferð en hefur náð ótrúlegum hárvexti eftir að hún fór að taka inn Hair Volume vítamíntöflurnar frá New Nordic. Hér deilir hún með okkur sinni sögu.

„Þegar ég var í krabbameinsmeðferð missti ég allt hár, bæði á höfði, augnhár og augabrúnir. Þegar lyfjagjöfni lauk byrjaði ég að taka Hair Volume vítamíntöflurnar frá New Nordic en það tók u.þ.b. 4-6 vikur að sjá hárið byrja að vaxa aftur. Ég hef aldrei haft jafn löng augnhár, þykkar augabrúnir og þykkt hár eins og núna og það hvarflar ekki að mér að hætta að taka þetta inn.“ Segir Edda Dungal

Máttur epla á húð og hár

Á Norðurlöndunum er mikið rætt um epli og virkni eplabykkni á líkamlega heilsu okkar, en það er ekki að ástæðulausu þar sem epli hafa m.a. verið notuð sem tákn eilífrar æsku í Norrænni goðafræði. Í dag hafa niðurstöður nútímavísindarannsóknna sýnt fram á heilsuþættandi áhrif epla og þau geti haft einstaklega jákvæð áhrif á húð okkar og hár. Eplabykkni sem inniheldur náttúrulegt Procyanidin er einmitt virka innihaldsefnið í hinni margverðlaunuðu Hair Volume™ hárlínu og hafa niðurstöður klínískra rannsókna sýnt fram á einstakan árangur.

Heilbrigðara hár og hársvörður með Hair Volume

Öll vörupróunin hjá New Nordic er alfarið byggð á niðurstöðum vísindarannsóknna sem skilar sér í nýstárlegum, áhrifaríkum og 100% náttúrulegum vörum sem vinna í sátt og samlyndi við líkamann.



Hair Volume töflurnar er eitt vinsælasta hárbættiefnið bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum



Ég hef aldrei haft jafn löng augnhár og þykkt hár segir Edda Dungal

Hair Volume vítamínlinan fæst bæði í töflum og hlaupi. Töflurnar innihalda náttúrulega vaxtarvakann Procyanidin B2 sem unnin er úr eplum. Töflurnar næra rætur hársins með biótíni sem hvetur hárvöxt og eykur umfang hársins, kopar sem hjálpar við að viðhalda hárlit ásamt aminósýruna L-cysteine sem kemur í veg fyrir hárrurr og viðheldur áferð og þykkt. Að auki inniheldur varan eplasafa, sink sem stuðla að viðhaldi eðlilegs hárs og þykkni úr hirsí sem er bæði ríkt af steinefnum og B-vítamínum og hefur það að markmiði að gera hárið líflegra og fallegra. Hair Volume hlaupin henta svo einstaklega vel fyrir öll þau sem ekki vilja gleypa töflur. Hlaupin eru sérlega bragðgóð en þau innihalda eplabykkni í bland við hirsí, piparrót, biótín, pantótensýru og sink. Biótín og sink stuðla að eðlilegu viðhaldi hárs.

Bæði bættiefnin miða að því að styðja við heilbrigðan hárvöxt og að auka þykkt hársins. Töflurnar innihalda meira magn næringarefna í hverri töflu, en fyrir marga er auðveldara að taka hlaup frekar en að kyngja töflum. Þannig að þú velur hvað þér finnst henta betur, töflur eða gómsætt hlaup með eplabragði.

Yfir 30 ára reynsla af eiginleikum jurta

Sérfræðingarnir hjá New Nordic eru víða þekktir fyrir brennandi áhuga sinn á lækningarmætti náttúrunnar og hefur fyrirtækið yfir 30 ára reynslu af jurtum og líflefandi eiginleikum þeirra. Með því að nota náttúrulegar jurtasameindir er hægt að virkja lífsferla og virkni í húð okkar og hárfurum með ótrúlegum árangri.

Ásamt New Nordic vítamínlinunni framleiðir New Nordic einnig vandaða Hair Volume hárvörulínu sem inniheldur sömu virku jurtarefni og eru í vítamínlinunni. Hárvörulínan inniheldur Hair Volume sjampó, hárnæringu og serum. New Nordic mælir með því að nota Hair Volume hárvörurnar samhliða bættiefnum, en með því er hægt að auka áhrifin enn fremur og tryggja að útkoman verði sem allra best.

Með þessari nýju byltingarkenndu línu styður þú vistkerfi hársins bæði innan frá sem og utan frá.

Hair Volume töflurnar fást í heilsuhillum stórmarkaða og í öllum apótekum.

GKG konur slógu alla út af laginu og tóku gullið á Íslandsmóti golfklúbba 50+ og 65+



Það er heldur betur stíll á þessum GKG konum sem sigruðu á Íslandsmóti golfklúbba 65 ára og eldri

GKG konur 65+ gerðu sér lítið fyrir og sigruðu LEK mót golfklúbba sem haldið var á Kálfatjarnavelli á Vatnsleysu hjá GVS á dögnum, en þær unnu allar sína viðureignir og töpuðu bara þremur stökum leikjum. Liðið var skipað þeim Áslaug Sigurðardóttur, Birnu Aspar, Elísabetu Böðvarsdóttur, Maríu Málfriði Guðnadóttur og Steinunni Helgadóttur

Íslandsmóti golfklúbba 65 ára og eldri! Sveit GKG skipuðu, frá vinstri á mynd hér að neðan: Gunnar Árnason liðsstjóri, Sigurður Ásgeir Ólafsson, Andrés I Guðmundsson, Hlödver Guðnason, Guðlaugur Kristinsson, Jóhann Unnsteinsson og Jón Júlíusson. Á myndina vantar Sigurjón Gunnarsson.



Karlasveit GKG 65+ vann til silfurverðlauna á Íslandsmóti golfklúbba

50+ tóku einnig gullverðlaunin GKG konur í aldursflokknum 50+ létu ekki heldur sitt eftir liggja og urðu Íslandsmeistarar til golfklúbba í sínum aldursflokki.

50 ára og eldri tóku einnig silfrið Þá lenti karlasveit GKG einnig í 2. sæti á Íslandsmóti golfklúbba 50+ eftir úrslitaleik við GR. Munurinn gat ekki verið minni en úrslitin réðust á 22. holi í oddaleik! Engu að síður frábær árangur, en karlasveitin hefur ekki verið svona nálægt sigri áður.

Tóku silfrið í Íslandsmóti golfklúbba 65 ára og eldri

Karlasveit GKG náði frábærum árangri á dögnum með því að hreppa silfrið í

Karlasveit GKG 50 ára og eldri



Karlalið GO 65+ tryggði sér sigurinn í 2. deild



Karlalið Golfklúbbsins Odds (GO) 65+ gerði sér lítið fyrir og sigraði alla leiki sína í 2. deild karla á Íslandsmóti golfklúbba og unnu því deildina með glæsibrag.

GO konur 65+ áttu einnig virkilega flott mót sem endaði á hörkuleik við Keiliskonur um 5. sæti sem okkar konur sigruðu eftir 4. holi bráðabana.



Fóru holi í höggi á 13 holi

Björn Lévi Valgeirsson og Magnea Ragna Ögmundsdóttir bættust á dögnum í hóp kyflinga GKG sem hafa farið holi í höggi á árinu, en þau tóku bæði draumahöggjð á 13. holi Leirdalsvallar.

Björn sló fullt högg með 7-járni í mótvið á 13. holi sem var 135 metrar þann dag. Pinninn var hægra megin á flötinni, lenti 4m frá, tók eitt skopp og rúllaði í holi og málið dautt! Magnea Ragna Ögmundsdóttir fór svo holi í höggi á vinkvennamóti GKG og Grindavíkur á Leirdalnum 20. ágúst. Og það var að sjálfsögðu á 13. holi, svo spurningin er hvort 13 holan sé léttasta hola Leirdalsvallar? Spyrjið Björn Lévi og Magneu Rögn!



Björn Lévi



Magnea Ragna



Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



SKODA

Nýr Kodiaq



Škoda Kodiaq

2.0 dísel / sjálfskiptur / 2.3 tonna dráttargeta
Tengiltvinnútgáfa með allt að 118 km drægni*

Verð frá 9.290.000 kr.

5
Fimm ára ábyrgð hjá Heklu

5 ára ábyrgð eða 100.000 km
(hvort sem kemur fyrir)

Nýr Škoda Enyaq 85x

Kraftmeiri, betur búinn og með drægni
allt að 536 km*

Verð frá: 7.990.000 kr.
(Með styrk úr Orkusjóði)



*skv. WLTP

5
Fimm ára ábyrgð hjá Heklu

8 Ára ábyrgð
á rafhlöðum

 Hekla

Laugavegi 174, 105 Rvk. _ Sími 590 5000 _ www.hekla.is
Höldur Akureyri _ Bílasala Selfoss _ Bílakjarninn Reykjanesbæ